

Líf & fjör




Upprisa

„Ég kys að nefna sýninguna upprisu, þar sem það orð kom og hljómaði mjög skýrt í huga mínum meðan á undirbúningi þessarar sýningar stóð,“ segir Guðrún Elin Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur sem opnar silki-myndlistarsýningu í Blómaskálanum Vín í Eyjafjarðarsveit á morgun kl. 13.00. Sýninguna til-einkar hún 100 ára minningu ömmu sinnar Elínóru Guðbjartsdóttur frá Aðalvík. „Amma mín var yndisleg kona. Í hjarta mínu veit ég að fyrir ömmu mína táknað orðið upprisa það að nú er hún sem yndisleg vera komin upp á æðra tilverustig. Hinsvegar fyrir mig, er þessi sýning upprisa!“ Sýning Guðrúnar Elínar stendur til 18. október og er opin kl. 13-22 daglega.

Hreint form



Í kvöld verður sýningin „Draumurinn um hreint form“ opnuð í Listasafni Íslands. Þetta er yfirlitssýning um íslenskt strangflatamálverk og geómetrísku höggmyndalist á 6. áratugnum, þar sem einnig verða sýnd verk danskra og franskra listamanna sem höfðu áhrif á íslenska myndlist á þessum tíma. Á sýningunni verða 64 verk eftir 19 íslenska listamenn og 3 erlenda, þá Richard Mortensen, August Herbin og Victor Vasarely. Einnig verður sýnishorn af því hvernig hugmyndir strangflatalistarinnar birtust í húsagerðarlist, prentverki og auglýsingagerð. Sýningin stendur til 25. október.



Saumað á Hvalfjarðarströnd

Um helgina fer fram í þriðja sinn „saumahelgi“ á vegum Frú Bóthildar. Tæplega 60 hressar konur ætla að sitja við saumvélar sínar og sauma búta-saum alla helgina

með smáhvöldum til að borða og sofa. Þessi skemmtilegi atburður verður á Norræna skólasetrinu á Hvalfjarðarströnd, en það er í annað sinn sem saumahelgin er haldin þar í fallegu umhverfi. Ef að líkum lætur verða þeir ófáir metarnir af efnum sem skornir verða niður og saumaðir saman aftur í öðru formi. Búin til teppi, veggteppi og fleira, allt eftir áhuga og getu.

Hausteldar á Bautanum

Um næstu helgar verður hið vinsæla sjávarréttahlaðborð Bautans. Glæsilegt hlaðborð með yfir tuttugu tegundir af köldu og heitu sjávarfangi úr greipum Ægis. Við munum kappkosta okkur við að bjóða upp á ýmsa furðufiska.

Skákmót

Undanrásir atskákmóts Íslands á Akureyri fara fram í skákheimilinu Þingvallastræti 18 Akureyri, laugardag og sunnudag 12.-13. september 1998 og hefst taflíð kl. 14.00 fyrri daginn. Sigurvegari í þessu móti öðlast þátttökurétt í úrslitum í Reykjavík síðar.

Réttarball í Lónkoti

Réttarball verður laugardaginn 12. september að Lónkoti í Skagafirði. Það er Hljómsveit Hilmars Sverrissonar sem sér um skemmtunina sem verður í samkomutjaldi staðarins (Tjaldgaldramannsins). Auk Hilmars, sem leikur á hljómborð, er Ásdís Guðmundsdóttir söngkona og Hlynur Guðmundsson á gítar. Spiluð verður fjölbreytt tónlist við allra hæfi.

SUÐURLAND

Járnsuðunámskeið

Þriðjudaginn 15. september og miðvikudaginn 16. sept. nk. verður haldið

járnsuðunámskeið í Garðyrkju skóla ríkisins, Reykjum í Ölfusi frá kl. 10-16 báða dagana. Námskeiðið er ætlað áhugafólki um blómaskreytingar ásamt fagfólki í greininni. Leiðbeinendur verða Uffe balslev blómaskreytingar-meistari og Hilmir Hinriksson járnsmiður og starfsmaður á smíðaverkstæði skólans. Þátttakendur læra m.a. að sjóða og útbúa fætur undir skálar eða vasa, kertaskreytingar, veggmynd til að flétta í blöð og greinar, ásamt fleiru skemmtilegu. Skráning og nánari upplýsingar fást á skrifstofu Garðyrkju skólans alla virka daga frá kl. 08 til 16.


Kvikmyndir helgarinnar

● Aðdáendum Titanics myndar James Cameron mun væntanlega ekki þykja mikið koma til sjónvarpsmyndarinnar frá 1996 um sjóslýsið. Samanburður ætti þó að vera forvitnilegur. Myndin er í tveimur hlutum og með aðalhlutverk fara George C. Scott, Tim Curry og Eva Maria Saint.



● Besta mynd helgarinnar er Mean Streets sem fjallar um lífið í „Litlu Ítalíu“ í New York. Myndin er í leikstjórn Martin Scorsese og Robert De Niro og Harvey Keitel sýna þar stjórnumleik. Myndin er á dagskrá hinnar kvikmyndavænu Sýnar á laugardagskvöld. Goðsagnirnar Dean Martin og Frank Sinatra bregða sama kvöld á leik á Stöð 2 í kvikmyndinni Four for Texas. Kynbomban Anita Ekberg fer þar með hlutverk ljóskunnar.

Læknislegur að sjá

Kolbrún Bergþórsdóttir ræðir við Ólaf G. Einarsson um læknisfræði, listina og pólitíkina.



Hvað táknað Keikó



Inga Bjarnason, unga konan og anorexían



Halldóra og kynlífið



Fluguveiði, krossgáta, Líf & stíll, matargatið, bókahillan, bíó, á seyði.



Áskriftarsíminn er 800-7080